

Frétt á vef Reykjavíkurborgar vegna hugmyndasöfnunar – Hverfið mitt; sjá <https://reykjavik.is/frettir/taerri-hugmyndir-fyrir-hverfid-mitt-2020>

Allar nánaru upplýsingar um íbúalýðræðisverkefnið **Hverfið mitt** má nálgast á [vef borgarinnar](#).

Fréttir

Stærri hugmyndir fyrir Hverfið mitt 2020

Þriðjudagur, 3. nóvember 2020

Hugmyndasöfnun fyrir lýðræðisverkefnið „Hverfið mitt“ hefst í dag 4. nóvember 2020 og stendur til 20. janúar 2021. Nú eru íbúar beðnir um að koma með hugmyndir að dýrari verkefnum enda hefur fjármagn verið nær tvöfaldað.



Þetta er í nýfunda sinn sem hugmyndasöfnunin fer fram og 787 hugmyndir hafa orðið að veruleika síðan verkefnið hófst. Að þessu sinni stendur hún lengur yfir og er óskað eftir hugmyndum að stærri verkefnum frá íbúum í hverfunum. Verkefninu hefur nú verið breytt þannig að það nær yfir tvö ár. Fyrst kemur hugmyndasöfnun en síðan er farið í íbúakosningar um hugmyndirnar. Með þessu móti gefst tækifæri til að auka samráð við höfundu hugmyndanna og íbúa í hverfunum, bæði hvað varðar hönnun á verkefnum og framkvæmd þeirra.

Einnig hefur fjármagn í framkvæmdapotinn verið nánast tvöfaldað og verður að þessu sinni 850 milljónir króna í stað 450 milljóna áður.

Hugmyndasmíðir eru hvattir til að skila inn vel unnum hugmyndum í samræmi við forsendur hugmyndasöfnunarinnar. Eiríkur Búi Halldórsson, verkefnastjóri, segir að stærri verkefni kalli á auknið samráð borgarinnar við íbúa „Þar sem óskað er eftir stærri verkefnum í hugmyndasöfnuninni að þessu sinni eru íbúar hvattir til að eiga samtalið við nágrenni um góðar hugmyndir sem geta nýst hverfinu vel. Þannig koma fleiri að borðinu þegar hugmyndin er í vinnslu og þegar kemur að kosningum á næsta ári á hugmyndin sér fleiri fylgismenn en ella,“ segir Eiríkur Búi, Hann og samstarfsmenn á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar eru boðin búin að gefa góð ráð og stuðning alla daga á meðan hugmyndavefurinn er opinn.

Stöðugt hefur verið unnið að því að bæta samráðsferlið og auðvelda innsetningu hugmynda á undanföllum árum. Auk þess að lýsa hugmynd í orðum er mögulegt að láta ljósmyndir og teikningar fylgja til skýringar. Einnig er hægt að skila inn hugmynd á myndbandsformi eða sem hljóðupptöku.

Að lokinni hugmyndasöfnuninni þann 20. janúar fer starfsfólk verkefnisins yfir innsendar hugmyndir og haft er samráð við sérfræðinga á viðkomandi sviði innan borgarkerfisins þegar metið er hvort hugmyndir uppfylli reglur verkefnisins. Til dæmis er haft samráð við eftirtalda aðila:

Samgöngudeild, deild náttúru og garða, skipulagsfulltrúa, borgarsögusafn, borgarlögmann, bóka- og listasöfn, sérfræðinga menningarmála, Skóla- og frístundasvið og Íþrótt- og tómsundasvið. Einnig hefur verið leitað eftir samstarfi út fyrir borgarkerfið eins og til dæmis við SIM, Samband íslenskra myndlistarmanna. Listinn er ekki tæmandi.

Við mat á hugmyndunum leitar starfsfólk verkefnisins allra leiða til þess að útfæra þær til þess að gera þær tækar til kosninga. Hugmyndir sem eiga að framkvæmast á svæðum/lóðum sem hafa sérstök hlutverk eins og á íþrótt-, sundlaugar- og skólasvæðum þurfa að vera skoðaðar sérstaklega.

Helstu tímasetningar:

- Hugmyndasöfnun - 4. nóvember 2020 til 20. janúar 2021
- Mat hugmynda, frumhönnun og undirbúningur kosninga - Janúar til september 2021
- Íbúakosningar um framkvæmdir - september til október 2021
- Framkvæmd kosinna hugmynda - apríl til september 2022

Hugsum stórt, verum snjöll og verum með. Sendu inn þína hugmynd á www.hverfidmitt.is

[Allar nánari upplýsingar um lýðræðisverkefnið Hverfið mitt 2020](#)

Litna þetta til

Fréttir eftir hverfum

Árbær
Breiðholt
Grafarholt og Úlfarsárdalur
Grafarvogur
Háaleiti og Bústaðir
Hlíðar
Kjálarnes
Laugardalur
Miðborg
Vesturbær
Viðey

Fréttir eftir málaflokkum

100 ára afmæli kosningaréttar kvenna
Atvinnumál
Betri hverfi
Covid-19
Ferðamál
Fjármál
Framkvæmdir
Heilbrigðisefirlit
Hverfisskipulag
Innkallanir matavæla
Innkallanir matavæla

Íþróttir og útivist
Kosningar
Mannlíf
Mannréttindi
Menning og listir
Pólska
Samgöngur
Skipulagsmál
Skóli og frístund
Stjórnsýsla
Umhverfi
Útsendingar
Veiferð